



### **Banaslys 26.10.2006**

Vopnafjörður við Laxdalstún

Útafakstur

Látin 65 ára kona

Tími sólarhrings: Morgunn

### **Lýsing á slysi**

Slysið varð innanbæjar á Vopnafirði við svonefnt Laxdalstún. Samkvæmt framburði vitnis ók ökumaður á miklum hraða eftir Kolbeinsgötu og beygði niður til vinstri í átt að Sundabúð/elliheimili. Ökumaður missti stjórn á bifreiðinni í beygjunni, ók yfir á öfugan vegarhelming, utan í kantstein en þar á eftir um malbikað bílastæði við hlið bílageymslu. Ökumaður ók fram af bílastæðinu og hafnaði bifreiðin í sjónum (sjá mynd).

Ökumaður bifreiðarinnar var 65 ára gömul kona. Í gögnum um málið kemur fram að hún hafði átt við langvarandi veikindi að stríða og benda niðurstöður rannsóknar til að hún hafi misst stjórn á bílnum vegna ástæðna sem rekja má til veikindanna og lyfjanoðkunar í tengslum við þau. Óvíst er hvort ökumaður notaði bílbelti.



**Leið ökumanns eftir Kolbeinsgötu og niður að sjó þar sem bifreiðin hafnaði**

Þegar slysið varð var bjart og akstursaðstæður góðar. Yfirborð götunnar er með bundnu slitlagi og hámarkshraði 45 km/klst.

Bifreiðin var jeppabifreið af gerðinni Ford Explorer. Skoðun á bifreiðinni leiddi í ljós að stýrisbúnaður, hemlar og inngjafarbúnaður voru í lagi. Verður orsök slyssins ekki rakin til ástands ökutækisins.

### **Orsakagreining**

- Veikindi og lyfjanotkun skertu færni ökumanns til aksturs og leiddu til þess að hann missti stjórn á bifreiðinni.
- Ökumaður drukknaði

### **Ábendingar**

Skoða þarf opinbert eftirlit með akstri þeirra sem eru óhæfir til aksturs bifreiða vegna veikinda og lyfjanotkunar. Rannsóknarnefnd umferðarslysa telur brýnt að skoða með hvaða hætti verður komið í veg fyrir akstur fólks sem er vegna veikinda og töku lyfja óhæft til aksturs. Árið 2005 birtist í Læknablaðinu grein þar sem fjallað er um úrræðaleysi lækna í þessum efnum vegna trúnaðarskyldu sem þeir hafa gagnvart sjúklingum. Í gögnum rannsóknarnefndarinnar er að finna nokkur dæmi um slys sem rekja má til bágborins heilsufars og lyfjanotkunar, sér í lagi eldri ökumanna. Beinir nefndin því til embættis landlæknis að skoða hvort læknum skuli gert skylt að tilkynna um vanhæfni sjúklinga til aksturs og að trúnaðarskyldu verði jafnframt létt af læknum gagnvart yfirvöldum í slíkum málum..

**23.4.2007**

**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**